

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2008

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð:

Aðalfulltrúar:

Halla Halldórsdóttir formaður
Sigurgeir Ólafsson varaformaður
Jón Bjarni Þorsteinsson
Steingrímur Steingrímsson
Birna Ólafsdóttir
Gestur Pétursson
Júlíus K. Björnsson

Varafulltrúar:

Margrét Halldórsdóttir
Sævar Helgason
Auður Hallgrímsdóttir
Hulda Björg Sigurðardóttir
Árni Stefán Jónsson
Guðrún Þóra Magnúsdóttir
Brynja Valsdóttir

Samkvæmt samstarfssamningi um heilbrigðiseftirlit skiptast Hafnarfjarðarbær og Kópavogsbær á að tilnefnda formann og varaformann til tveggja ára í senn. Sigurgeir Ólafsson og Halla Halldórsdóttir skiptu hlutverkum sem formaður og varaformaður í júní mánuði 2008. Árni Stefán Jónsson var skipaður varafulltrúi frá 10. júní 2008 í stað Svölu Hafberg.

Heilbrigðiseftirlit tekur til hollustuhátta og mengunarvarna og ber heilbrigðisnefnd að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum. Með vísun til þessara markmiða er eftirlit, vöktun og fræðsla þeir grunnþættir sem unnið er út frá í þverfaglegu starfi stofnunarinnar. Fjárhagsáætlun og eftirlitsáætlun mynda ramma um starfsemi hvers árs en jafnframt er unnið að viðfangsefnum sem heilbrigðisnefnd ákveður til lengri eða skemmri tíma.

Heilbrigðisnefnd hélt 12 (12) fundi á árinu. Innan sviga eru tölur frá 2007. Samkvæmt fundagerðum komu 477 (538) dagsskrárliðir til umfjöllunar. Mál tengjast stundum fleiri en einum málaflokki og koma til umræðu á fleiri en einum fundi.

Í eftirfarandi töflu hafa dagsskrárliðir verið greindir samkvæmt fjórum helstu málefnaflokkum sem starfsemin tekur til. Það eru helst starfsleyfi og umsagnir sem flokkast í fleiri en einn málefnaflokk.

Almenn mál um hollustuhætti, málefni sem tengjast hollustuháttareglugerð, snyrtivörum, varasömum efnum, gæludýrahaldi, tóbaksvörnum o.þ.h.	228 (171)
Matvælamálefni	147 (211)
Umhverfismál	192 (172)
Rekstur heilbrigðiseftirlitsins og stjórnýsla	16 (23)

Í lok árs 2008 voru á skrá heilbrigðiseftirlitsins 1368 (1383) fyrirtæki eða starfsemi sem lúta ber reglubundnu eftirliti. Í eftirlitsáætlun ársins var reiknað með um 1500 eftirlitsferðum tengdum slíkum rekstri. Farið var í eftirlit til 825 (936) fyrirtækja og stofnana af þessum 1368 í alls 1341 (1880) eftirlitsferðum. Til viðbótar var farið í 243 (112) eftirlitsferðir á árinu þar sem í ljós kom að starfsemin var annað hvort hætt, starfsemin hafði breyst á þann veg að eftirlit ætti ekki lengur við eða starfsemi hætti á árinu og tilvist starfseminnar kemur því ekki fram í lokatölu ársins um fjölda fyrirtækja og stofnana. Auk þess voru eftirlitsferðir vegna vöktunar umhverfis af ýmsu tagi.

Gild starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd veitir voru 1134 (1143) í árslok og 156 (166) starfsleyfi til viðbótar voru í vinnslu. Jafngildir það að 94% (95%) starfsleyfisskyldrar starfsemi væri með leyfi eða starfsleyfi í vinnslu. Markmiði um að yfir 95% væri með starfsleyfi eða starfsleyfi í vinnslu í lagi var því ekki að fullu náð.

Hér á eftir verður gerð nánar grein fyrir eftirlitsstörfum, umhverfisvöktun og öðrum störfum heilbrigðiseftirlitsins og þau flokkuð eins og hægt er í fjóra aðal málaflokka, matvæla og hollustuhátta, mengunarmálefni og stjórnun heilbrigðiseftirlitsins.

Matvælaeftirlit

Um málaflökkinn gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Tilgangur laganna er að tryggja svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi.

Alls voru 92 (84) umsóknir um starfsleyfi teknar til umfjöllunar. Auk matvæla laga er vísað í ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs og í sumum tilvikum til ákvæða í lögum og reglugerðum um hollustuhætti og mengunarvarnir

45 (51) umsóknir voru fyrir nýja starfsemi

40 (33) umsóknir voru vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

7 umsóknir voru um tímabundin leyfi vegna skemmtana.

Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu 2008.

	Álftanes	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls
Vinnslur og þökkun		2	4	4	10
Verslanir og vörugeymslur		6	13	16	35
Veitingastaðir, gisting og mötuneyti		8	16	23	47
Alls		16	33	43	92

Veitingastaðir og gististaðir þar sem matvæli eru á boðstólum eru flokkaðir sem matvælaframtækni. Sú starfsemi hefur jafnframt starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og eftir atvikum reglugerðum um mengunarvarnir. Starfseminni ber jafnframt að afla rekstrarleyfis útgefna af viðkomandi sýslumanni. Heilbrigðisnefnd er umsagnaraðili vegna útgáfu rekstrarleyfis og í umsögn sinni ber nefndinni að gæta að samræmi við starfsleyfi og grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist.

Á árinu bárust beiðnir um 39 umsagnir vegna rekstrarleyfa og 7 beiðnir um umsagnir vegna tækifærisleyfa samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

Umsagnir voru gerðar til Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis um frumvarps til laga um endurskoðun á undanþágum frá 1. viðauka við EES-reglur og breytingu ýmissa laga og frumvarp til laga um matvæli.

Kvartanir og ábendingar vegna matvæla voru alls 76 (78) á árinu. Einkum var kvartað vegna ónógs hreinlætis eða 26 sinnum. Vegna slæmrar meðferðar matvæla 15 sinnum. Til slæmrar meðferðar teljast m.a. kvartanir um að vara sé höfð á boðstólum lengur en leyfilegt er eða skemmd þegar kemur að neyslu. Kvartanir vegna ófullnægjandi innihaldsmerkinga voru 6 og hugsanlegra matarsýkinga 8. Aðrar kvartanir voru af margvíslegum ástæðum.

Heilbrigðisfulltrúi hefur starfað í samstarfshópi heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Matvælastofnunar um matvælaeftirlit. Í samstarfshópnum er rædd framkvæmd og skipulagning eftirlitsverkefna ásamt samræmingu matvælaeftirlits milli eftirlitssvæða. Hópurinn kom fjórum sinnum saman á árinu. Auk þess stóð Matvælastofnun fyrir einum samræmingar- og fræðslufundi með heilbrigðiseftirlitinu um málefni matvælaeftirlits. Það hefur verið markmið að taka virkan þátt í samræmdum eftirlitsverkefnum sem hægt er að tengja starfsemi í umdæminu. Slík samstarfsverkefni sem unnið var að á árinu voru eftirfarandi:

- Salmonella og campylobacter í kjúklingum
- Örverur í niðurskornu og heilu grænmeti
- Þorramatur
- Salt, nítít og nítat í kjöti

Skýrslur vegna þessara verkefna hafa verið teknar saman og eru birtar á heimasíðu Matvælastofnunar.

Unnið var að eftirfarandi átaksverkefnum samhliða hefðbundnu eftirlit:

- Mati á stöðu matvælavinnslu, innra eftirlits og hreinlætis í eldhúsum og mótuneytum í leikskólum og grunnskólum
- Mati á þrifum og framkvæmd innra eftirlits í eldhúsum veitingahúsa
- Könnun og eftirfylgni vegna örveruástands í ís úr vél yfir sumarmánuði.
- Úttekt á hitastigi og þrifum í salatbörum í verslunum
- Úttekt á hitastigi og röðun í kælum og frystum í verslunum

Fjöldi fyrirtækja sem sinna framleiðslu, geymslu eða dreifingu matvæla var á skrá í lok árs 264. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvöru voru í eftirlitsáætlun ársins 486. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 445 samkvæmt flokkun í eftirfarandi töflu. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar í þessum tölum en fjöldi eftirlitsferða í verslanir og mótuneyti vegna sérstakra verkefna eru meðtaldar. Vakin er athygli á að eftirlit vegna tóbaksvarna, mengunarvarna og sölu á vörum sem innihalda hættuleg efni fer einnig fram hjá þeim fyrirtækjum þar sem það á við.

Matvælaeaglugerðir

Fjöldi staða 31.12. 2008, áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.

	Framleiðsla, pökkun	Heildsala, flutningur	Stór-eldhús	Smásala	Annað	Vatns-veitur	Alls
Fj. staða	50	52	90	65	0	7	264
Fj. áætlaðra eftirlitsferða	61	45	196	113	0	71	486
Fj. eftirlitsferða	67	47	148	145	0	38	445
Virkt innra eftirlit	27		26	25		5	102

Auk þess á sér stað matvæladreifing í skólum, fjölnota íþróttahúsum og minniháttar matvæladreifing í sérvöruverslunum o.þ.h. sem er ekki flokkuð með í þessari töflu. Að meðtalinni slíkri starfsemi er fjöldi staða sem dreifa matvælum 406.

Tóbaksvarnir

Tóbakssala fer fram í verslunum og söluturnum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Endurnýjuð voru 7 (11) leyfi til smásölu á tóbaki samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga og veitt 11 (8) ný tóbakssöluleyfi. Þann 31.12.2008 voru smásölustaðir tóbaks alls 66 (70) í umdæminu. Samkomustaðir 16 (18) og verslanir 50 (52).

Á árinu 2008 voru 19 (14) kvartanir skráðar vegna tóbaksmálefna. Mest munar um kvartanir forvarnaeftirlits Hafnarfjarðar vegna sölu til unglinga.

Með stjórnarsýslukæru, dags 22. febrúar 2008 kærðu Samkaup hf. ákvörðun heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, frá 22. janúar 2008, um að synja umsókn kæranda um undanþágu frá meginreglu 8. gr. laga nr. 6/2001 um tóbaksvarnir, fyrir 16-18 ára starfsmenn til að selja tóbak í verslun Samkaupa við Búðarkór í Kópavogi. Úrskurðarnefnd um hollustuhætti og mengunarvarnir staðfesti ákvörðun heilbrigðisnefndar.

Hafin var sala á tóbaki úr afgreiðslutæki í einni verslun og er heilbrigðisnefnd með til skoðunar hvort um sölu á tóbaki úr sjálfsala sé að ræða.

Hollustuhættir

Starfsleyfisumsóknir þar sem eftirlit byggist á ákvæðum hollustuháttareglugerðar voru 93 (152). Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

58 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi.

35 umsóknir voru vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

Meðhöndlun og dreifing matvæla á sér stað í sumum fyrirtækjum sem flokkast hér s.s. í skólum, leikskólum, sjúkrahúsum, vistheimilum og félagsmiðstöðvum. Veitingastaðir sem þurfa að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og matvælalögum eru flokkaðir sem matvælafyrirtæki. Vegna kröfu um mengunarvarnarbúnað við tannlæknastóla eru tannlæknastofur flokkaðar með starfsemi vegna mengunarvarna.

Hollustuháttareglugerð

Fjöldi umsókna um starfsleyfi, flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu 2008.

	Álftanes	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls
Gisti-, veitinga- og samkomustaðir	1	2	7	7	17
Snyrtistofur hvers konar		3	6	9	18
Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir		1	1	2	4
Daggæsla, leikvellir, skólar, leikskólar kennslustaðir		3	5	8	16
Íþróttastarfsemi og samkomuhald	1		3	4	8
Verslun og dreifing vöru sem inniheldur hættuleg efni		7	9	14	30
Alls	2	16	31	44	93

Tvær umsagnir vegna gistileyfa voru gerðar til Sýslumannsins í Hafnarfirði.

Umsögn var gerð til Umhverfisnefndar Alþingis um frumvarp til laga um efni og efnablöndur, 431. mál EES-reglur.

Almennar kvartanir voru 110 (260). Flestar eða 56 vegna úrgangs og slæmrar umgengni um lóðir. Kvartanir vegna úrgangs verða oft tímafrekar í úrvinnslu og eru oft vegna starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld eða vegna búsetu í húsnæði sem ætlað var til annarra nota. Kvartað var 24 sinnum vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri og voru nálægum íbúum til ama. Veruleg fækkun er í þessum kvartanaflokki milli ára. Starfsmenn þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna hafa jafnframt afskipti af nokkrum hundruðum bifreiða án númera. Á árinu voru skráð um 800 slík afskipti af farartækjum o.þ.h. hlutum sem skildir hafa verið eftir á almannafæri. Sveitarfélögin neyddust til að láta fjarlægja 320 bifreiðar sem skyldar hafa verið eftir í hirðuleysi á almannafæri og er það veruleg fjölgun aðgerða milli ára.

Um áramótin 2007-2008 voru á skrá 1827 hundar í umdæmi heilbrigðisnefndar. Um fjölgun hunda er að ræða frá árinu áður en hafa verður í huga að afskráningar berast oftast upp úr áramótum. Kvörtunum vegna hunda og hundahalds er haldið aðgreindum frá öðrum kvörtunum vegna dýrahalds og hollustuháttamála. Alls bárust 211 kvartanir vegna hunda á árinu. Aðal umkvörtunarefnið var í flestum tilvikum lausaganga hunds eða í 140 tilvikum. Til meðferðar á árinu komu 11 mál vegna alvarlegra ógnana eða árásar hunds á fólk eða dýr, þar af voru tvö tilvik þar sem jafnframt kom til afskipta lögreglu. Kvartanir vegna hollustuháttamála voru 175. Flestar voru vegna dýrahalds eða flækingsdýra 53. Kvartanir eða óskir um aðkomu heilbrigðiseftirlits vegna íbúðarhúsnæðis fjölgaði

töluvert frá fyrri árum og voru nú 42 á móti liðlega tug á undanförunum árum. Munar þar mest um meinta myglu í íbúðarhúsnæði 22.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga störfuðu tveir vinnuhópar á sviði hollustuháttamála. Hollustuháttahópur og efnavöruhópur. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfsmann í hvorn hóp.

Í vinnuhóp um hollustuhætti eru unnar tillögur að samræmdum verklagsreglum, leiðbeiningum og starfsleyfisskilyrðum. Hópurinn kemur saman að jafnaði mánaðarlega fyrir utan sumarið. Vinnuhópurinn undirbjó og sá um framkvæmd eftirlitsverkefnis um gæði baðvatns og öryggismál á sundstöðum. Sýrsla um niðurstöður úr verkefninu er í vinnslu. Jafnframt fer starfshópurinn í árlega kynnisferð til samræmingar á framkvæmd eftirlits milli svæða.

Í efnavöruhóp er rætt um eftirlit með eiturefnum og hættulegum efnum og vörum sem innihalda slík efni og ýmis framkvæmd og skipulagning samstarfs- og eftirlitsverkefna á þeim málum undirbúin. Jafnframt er af hálfu hópsins tekið þátt í norrænu samstarfi vegna eftirlits með þessum málum og var norræn fundur haldin hér á landi 19. og 20. júní 2008. Efnavöruhópurinn kom saman 9 sinnum á árinu. Á árinu var unnið í eftirlitsverkefni varðandi efnanotkun í framhaldsskólum og er skýrsla í vinnslu.

Búfjareftirlit samkvæmt ákvæðum laga um búfjánhald er í umsjón heilbrigðiseftirlitsins. Við eftirlit og talningu búfjár samkvæmt 12. gr. búfjánhalds nr. 103/2002 voru vorið 2008, rúmlega 13000 alifuglar, 4150 hross og 260 sauðfjár í umdæminu.

Tíðni vegna reglubundins hollustuháttaeftirlits er algengust ein eftirlitsferð á ári. Til fyrirtækja í nokkrum flokkum eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra sundstaða. Einnig er eftirlitsferð ein eftirlitsferð á tveggja til fjögurra ára fresti í nokkrum tilvikum. Eftirlitsferðir vegna fyrirtækja og stofnana í þessum flokki voru áætlaðar í eftirlitsáætlun 521. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 560 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

Hollustuháttareglugerð

Fjöldi staða 31.12.2008, áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir.

	Fegrunar- og snyrti- starfsemi	Verslun, varasöm efni	Gisti- starfsemi	Fræðsla-, íþróttir og menning	Heilbrigðis- þjónusta	Annað	Alls
Fj. staða 31.12.2008	88	137	31	223	63	0	542
Fj. áætlaðra eftirlits-ferða	51	88	30	308	44		521
Fj. eftirlitsferða	26	36	39	337	60		498

Til fegrunar og snyrtistarfsemi telst hársnyrting, snyrtistofur, nudd, ljósastofur, húðflúr og húðgötun.

Heildsala og smásala á vörum sem innihalda eiturefni og hættuleg efni er flokkuð sem verslun með varasöm efni.

Matvöruverslanir sem selja slíkar vörur að einhverju marki eru aðeins skráðar í töflu um matvælaeftirlit. Gististaðir, skólar og félagsaðstaða þar sem matvælum er dreift flokkast m.t.t. hollustuháttaeftirlits. Veitingastaðir flokkast sem matvælafyrirtæki þó svo sinna þurfi þar ekki síður eftirliti samkvæmt ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti.

Umhverfiseftirlit

Alls 115 (98) umsóknir um starfsleyfi voru til meðferðar, þar sem eftirlit byggist á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum. Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

30 (46) umsóknir voru fyrir nýjar starfsemi.

58 (40) umsóknir voru vegna endurnýjunar, breytingar á starfsemi og endurskoðunar.

27 (12) fyrir tímabundna starfsemi.

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð um varnir gegn olumengun frá starfsemi í landi. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu 2008.

	Álftanes	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls
Bílgrein		5	9	9	23
Efnaiðnaður, prentun og framköllun			7	4	11
Fiskvinnsla			5	1	6
Málmiðnaður og verkstæði		6	9	9	24
Trésmíðaverkstæði		2	3	3	8
Tannlæknastofur					
Jarðefna, steinvinnsla og einingaverksmiðja			2	3	5
Skólþ og úrgangur			4		4
Annað			5	2	7
Alls		13	44	31	88
Tímabundin starfsemi*		6	11	10	27*

*Tímabundin starfsemi er niðurrif á húsum og jólamarkaður. Í umboði nefndarinnar voru auk þess veitt nokkur leyfi fyrir brennur.

Útgáfa starfsleyfis til flokkunar og geymslu jarðefna var kærð til Umhverfisráðuneytis og staðfesti ráðuneytið starfsleyfið með viðbótar kröfu um mengunarvarnir varðandi hljóðvist og ásjúnd.

Umsagnir voru veittar til eftirfalinna stofnana og viðkomandi nefnda sveitarfélaga.

Garðabæjar um:

- breytingu á aðalskipulagi vegna legu Álftanesvegur
- breytingu á aðalskipulagi vegna Kjóavalla

Hafnarfjarðarbæjar um:

- umhverfisskýrslu vegna aksturs- og skotæfingarsvæðis
- losun ofanvatns og gerð settjarna
- losun kælivatns
- hljóðvistar og deiliskipulags við Reykjanesbraut

Kópavogsbæjar um:

- breytinga á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna vestur hluta Kársnes
- breytinga á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi í Vatnsendahlíð
- breytingu á aðalskipulagi vegna Gláðheima
- breytinga á aðalskipulagi vegna Kjóavalla
- breytinga á deiliskipulagi og vegna hljóðvistar að Álfrólsvégi 22
- breytinga á deiliskipulagi og vegna hljóðvistar að Álfrólsvégi 78
- breytinga á deiliskipulagi og vegna hljóðvistar við Hafnarbraut/Nesvör
- breytinga á deiliskipulagi og vegna vatnsverndar í Bláfjöllum
- losun mengaðs jarðvegs og hugsanleg umhverfisspjöll

Umhverfisstofnunar um:

- starfsleyfi fyrir malbikunarstöð í Hafnarfirði.

Skipulagsstofnunar vegna undirbúnings eða mats á umhverfisáhrifum fyrir:

- breytingu á legu Álftanesvegur í Garðabæ
- Urriðaholtsstræti í Garðabæ

- aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni í Hafnarfirði
- tvöföldun Reykjanesbrautar í Hafnarfirði
- tvöföldun Suðurlandsvegur í Kópavogi
- efnistöku úr Bolaöldu í Ölfusi
- efnistöku úr Vatnsskarðsnámu í Grindavík

Unnið var að gerð heilbrigðissamþykktar fyrir fráveitu í Hafnarfirði sem bæjarstórn hefur sent til meðferðar í Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun staðfesti heilbrigðissamþykkt nr. 958/2008 um hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar.

Með stjórnsýslukæru, dagsettri 6. febrúar 2008 kærði Einingaverksmiðjan Borg ehf. eftirfarandi ákvarðanir Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis:

- Ákvörðun nefndarinnar þann 9. nóvember 2007 um að hafna viðurkenningu á kröfu Einingaverksmiðjunnar Borgar ehf. um viðurkenningu á því að nógildandi starfsleyfi fyrirtækisins nái til allrar nógildandi starfsemi þess þ.m.t. framleiðslu og sölu á steinsteypu á almennum markaði.
- Ákvörðun nefndarinnar þann 22. janúar 2008 um að hafna varakröfu Einingaverksmiðjunnar Borgar ehf. um að starfsleyfi verði breytt þannig að það taki til allrar núverandi starfsemi fyrirtækisins þ.m.t. framleiðslu og sölu á steinsteypu á almennum markaði.

Með úrskurði þann 18. júní 2008 ógilti úrskurðarnefnd hinar kærðu ákvarðanir en með úrskurði þann 14. mars 2008 hafði úrskurðarnefnd fallist á frestun réttaráhrifa umræddra ákvarðana.

Lóðahreinsun á einstökum lóðum og svæðum er stöðugt verkefni sem skilar oftast tímabundnum árangri. Fyrri reynsla hefur sýnt að slæm umgengni á athafnasvæðum hefur sterka tilhneigingu til að leita aftur í sama farið. Ástæður þessa hafa oft verið skýrðar með óljósri tilfinningu umráðaaðila fyrir ábyrgð sinni og hægagangi í uppbyggingu og frágangi atvinnusvæða.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er starfandi vinnuhópur á sviði umhverfisgæða. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfsmann í þann hóp. Haldnir voru þrjú fundir þar sem fjallað var um samræmingu mengunarvarnaeftirlits og umhverfisviðmið.

Heilbrigðisfulltrúi starfar með vinnuhópi “Umhverfisfulltrúar stofnana í Garðabæ” en sá vinnuhópur er í umsjón umhverfisnefndar Garðabæjar. Haldnir voru tveir fundir á árinu um staðardagskrármálefni

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hélt 10 fundi á árinu 2008. Bókaðir dagsskrárliðir á fundum stjórnarinnar voru alls 35 auk þess sem 8 mál voru tekin fyrir undir önnur mál. Fundagerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu og afgreiðslu á fundum heilbrigðisnefndanna. Fundargerðir má nálgast hjá stofnunum heilbrigðiseftirlits á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirtalin vöktunarverkefni voru í gangi á árinu:

- mælingar á mengun í skurðum, lækjum og vötnum sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 og til að finna hugsanlegar rangtengingar fráveitu.
- mælingar á áhrifum mengunar skólps við og á ströndum.

Niðurstöður eru birtar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

Vegna mengunarflokkunar Vífilsstaðavatns og efri hluta Vífilsstaðalækjar í Garðabæ var unnið að sýnatöku og er skýrsla nú í vinnslu.

Rio Tinto Alcan Íslandi hf. og Umhverfisstofnun hafa tekið í notkun mælistöð vegna loftgæða á Hvaleyrarholti. Þar eru gerðar mælingar á brennisteinstvíldi, flúor og ryki og eru niðurstöður mælinganna birtar á heimasíðu eftirlitsins. Kópavogsbær hefur fest kaup á

færanlegri loftgæðamælistöð sem heilbrigðiseftirlitið sér um rekstur á. Mælistöðin var tekin í notkun á miðju ári 2008. Með þeim mælubúnaði verður hægt að meta loftgæði á hverjum tíma m.t.t. svifryks, köfnunarefnasambanda og brennisteinssambanda. Áfangaskýrsla um loftgæði við Marbakkabraut var gerð.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 73 sem er nokkru færra en á síðasta ári. Flestar kvartanir tengdust starfsemi ákveðinna fyrirtækja eða 48, þar af 17 vegar ryks og/eða slæmrar umgengni í kringum steypustöðvar og 15 ólyktar eða dauns frá hausapurrukun. Þá bar nokkuð á kvörtunum undan ólykt frá ýmis konar annarri starfsemi (11) og eins hávaða (4). Aðrar kvartanir dreifðust á ýmis konar starfsemi. Kvartanir eða ábendingar um mengunarslys og óhöpp voru þrjár. Þá sinnti Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölum.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er ein eftirlitsferð á ári eða eftirlit annað hvert ár. Til fyrirtækja í ákveðnum flokkum bílgreinar eru þó áætlaðar tvær ferðir. Eftirlitsferðir vegna fyrirtækja og stofnana í þessum flokki voru í eftirlitsáætlun 460. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 399 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

Mengunarvarnareftirlit

Fjöldi staða 31.12.2008. áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir

	Málm og bílgrein	Efna- og timburiðn.	Fisk-vinnsla	Jarðefna-vinnsla	Úrgangsmál	Annað*	Samtals
Fj. staða 31.12.2008	330	112	22	15	12	69	560
Fj. áætlaðra eftirlitsferða	273	79	30	15	12	51	460
Fj. eftirlitsferða	214	78	13	17	4	73	399

*Annað er tannlæknastofur, íþróttasvæði og starfsemi tengd dýrahaldi.

Fjármál

Kostnaði er haldið aðgreindum vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits annars vegar og eftirlits með hundahaldi hins vegar. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að sértekjur næmu um 59% af rekstrarkostnaði við heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og að um 41% kostnaðar yrði mætt með beinu framlagi af sveitarfélögunum. Í sértekjum eru allar tekjur s.s. vegna þjónustuverkefna, eftirlitsgjalda, starfsleyfigjalda, vottorða o.þ.h. Allur kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi á að greiðast af sértekjum. Í niðurstöðutölum rekstrareiknings árið 2008 eru sértekjur vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits kr. 44.254.323 eða 60,3% af rekstrarkostnaði við þann þátt rekstursins. Kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi var á árinu kr. 17.108.321 og tekjur kr. 16.56.785. Í meðfylgjandi töflu eru samburðartölur árána 2001 til 2008, án fjármagnsliða, vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Íbúatölur er sömu og við uppgjör ársreiknings og miðast við upphaf árs.

Samanburður á fjölda fyrirtækja, ársverkum, heildar kostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. fyrirtæki og kostnaði pr. stöðugildi árin 2001 til 2008 á verðlagi hvers árs.

	Íbúafjöldi.	Fyrirtæki og stofnanir (starfsleyfisskyld)	Ársverk	Heildar kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. fyrirtæki kr.	Kostnaður pr. ársverk kr.
2008	68662	1368	7,2	73.399.190	1069	53.656	10.194.332
2007	63108	1383	7,2	58.669.943	930	42.422	8.148.603
2006	60525	1265	7,2	58.605.054	968	46.328	8.139.591
2005	58786	1361	7,2	56.753.001	965	41.699	7.882.361
2004	57323	1448	7,2	53.215.493	928	36.751	7.391.041
2003	56096	1320	7,2	52.429.008	935	39.719	7.281.802
2002	54642	1287	7	50.355.292	922	39.126	7.193.613
2001	52764	1286	7	41.196.547	781	32.035	5.885.221

Í meðfylgjandi töflu er samanburðartölur árána 2002 til 2008 vegna eftirlits með hundahaldi. Fyrir árið 2003 var stórum hluta eftirlits- og kvörtunum vegna hundahalds sinnt í tímavinnu.

Samanburður á fjölda skráðra hunda, ársverk, heildar kostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. hund og kostnaði pr. stöðugildi árin 2002 – 2008 á verðlagi hvers árs.

	Íbúafj.	Fjöldi hunda	Ársverk	Heildar kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. hund kr.	Kostnaður pr. ársverk kr.
2008	68662	1827	1,8	17.108321	249	9364	9.504.623
2007	63108	1655	1,8	14.932.931	237	9023	8.296.073
2006	60525	1571	1,8	14.126.441	233	8992	7.848.023
2005	58786	1459	1,8	12.118.195	206	8306	6.732.331
2004	57323	1295	1,8	11.723.208	205	9053	6.512.893
2003	56096	1162	1,8	10.536.719	188	9068	5.853.733
2002	54642	1106	2	10.326.215	189	9337	5.163.108

30. mars 2009

Guðmundur H. Einarsson.